

Nd.

52. Frumvarp til laga

[47. mál]

um þjóðhátíðardag Íslendinga.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Öll vinna er bönnuð þann dag nema óhjákvæmileg störf. Er bæjar- og sveitarstjórnnum um land allt skylt að hafa for-
göngu um hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn og beita sér fyrir því, að dagurinn beri
virðulegan og viðeigandi svip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi 1953, og fylgdi því þá svo hljóðandi grein-
argerð:

„Um langt skeið hefur 17. júní, fæðingardagur Jóns Sigurðssonar, verið merkis-
dagur í augum Íslendinga. Öllum þótti fara vel á því, er sá dagur var valinn til
stofnunar lýðveldis á Þingvöllum 1944. Síðan hefur dagurinn verið hátíðlegur
haldinn til minningar um lýðveldisstofnunina, og mun eflaust verða svo á ókomn-
um tímum. Hátíðahöld þennan dag hafa orðið svo almenn, að 17. júní er í vitund
allra Íslendinga orðinn ótvíræður þjóðhátíðardagur. Hins vegar hefur ekki verið
um það hirt að gera hann að lögboðnum frídegi. Þess í stað hefur sá háttur verið
hafður á, að í hvert sinn, er dagurinn nálgast, beinir ríkisstjórnin þeim tilmælum
til þjóðarinnar, að almenn vinna falli niður þann dag og efnt verði til hátíða-
halda um land allt. Virðist í alla staði eðlilegast, að 17. júní verði lögboðinn frí-
dagur og bæjar- og sveitarstjórnnum gert að skyldu að beita sér fyrir hátíðahöld-
um, sem hæfa þjóðhátíðardegi.“